

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 1175/2021 um framkvæmd ársreikningaskrár
við gerð kröfu um slit félaga.

1. gr.

Heiti reglugerðarinnar breytist og verður svohljóðandi: **Reglugerð um málsmeðferð vegna skipta á búi félaga samkvæmt lögum um ársreikninga.**

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað orðanna „áður en“ kemur: þegar.
- b. Í stað orðsins „félagi“ kemur: búi félags.
- c. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Markmið.*

3. gr.

Ákvæði 2. gr. reglugerðarinnar fellur brott.

4. gr.

Á eftir orðinu „sem“ í 1. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar kemur: skilgreind eru í 1. gr. laga nr. 3/2006 og.

5. gr.

Orðin „um ársreikninga“ í 5. gr. reglugerðarinnar falla brott.

6. gr.

Fyrirsögn IV. kafla reglugerðarinnar verður: **Málsmeðferð ársreikningaskrár vegna skipta á búi félags.**

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 7. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað orðsins „sendir“ kemur: birtir.
- b. Á eftir orðinu „félags“ kemur: , sbr. 8. gr.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. reglugerðarinnar:

- a. 2. og 3. málsl. 1. mgr. verða svohljóðandi: Tilkynninguna skal birta í stafrænu pósthólf félagsins, sbr. lög um stafrænt pósthólf í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda, og telst það ávallt nægileg birting. Þegar tilkynningin hefur verið birt í stafrænu pósthólf félagsins telst hún birt viðtakanda.
- b. 2. mgr. fellur brott.
- c. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Tilkynning um fyrirhugaða kröfu um skipti.*

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. reglugerðarinnar:

- a. 1. málsl. verður svohljóðandi: Að loknum þeim fjögurra vikna fresti sem veittur er félagi skv. 7. gr., sendir ársreikningaskrá viðkomandi héraðsdómi kröfu um að bú félags verði tekið til skipta.
- b. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein er verði 2. mgr., svohljóðandi: Í kjölfarið skal ársreikningaskrá birta tilkynningu í stafrænu pósthólf í félagsins um að ákvörðun hafi verið tekin um að krefjast skipta, sbr. lög um stafrænt pósthólf í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda, og telst það ávallt nægileg birting. Þegar ákvörðunin hefur verið birt í stafrænu pósthólf í félagsins telst hún birt viðtakanda.
- c. Í stað orðsins „stjórn“ í 2. málsl. 4. mgr. kemur: stjórnarmaður.
- d. Í stað orðanna „fyrstu fyrirtöku“ í 2. málsl. 4. mgr. kemur: þinghalds.

10. gr.

Fyrirsögn V. kafla reglugerðarinnar verður svohljóðandi: **Málsmeðferð eftir móttöku héraðsdóms á kröfu um skipti.**

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað orðanna „hefur komið fram“ kemur: hefur verið send til héraðsdóms
- b. Í stað orðanna „kröfu um skipti á félagi“ í 1. málsl. kemur: kröfuna
- c. 2. málsl. fellur brott.
- d. Fyrirsögn greinarinnar fellur brott.

12. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 1. mgr. 121. gr. laga um ársreikninga, nr. 3/2006, öðlast þegar gildi.

Atvinnuvegaráðuneytinu, 27. febrúar 2026.

F. h. r.

Ingvi Már Pálsson.

Sigurbjörg Guðmundsdóttir.